

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn nr. 344/1990 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Grein 2.1.10.1 orðist svo:

Skírteinishafi skal ekki starfa sem flugmaður í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum, eftir að hann hefur náð 60 ára aldri, nema

- 1) í áhöfn séu fleiri en einn flugmaður,
- 2) aðrir flugmenn í áhöfninni séu yngri en 60 ára,
- 3) um sé að ræða innanlandsflug eða samþykki viðkomandi erlends ríkis komi til,
- 4) hlutaðeigandi flugmaður gangist undir skoðun trúnaðarlækna Flugmálastjórnar og uppfylli heilbrigðisskilyrði, sbr. gr. 1.2.4, ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.

#### 2. gr.

Grein 2.1.10.2 orðist svo:

Heimildar skv. gr. 2.1.10.1 má neyta þar til 65 ára aldri er náð, en eftir það skal skírteinishafi ekki starfa sem flugmaður í loftfari, sem rekið er í atvinnuflutningum.

#### 3. gr.

Grein 2.1.10.3 orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði gr. 2.1.10.2 getur skírteinishafi starfað áfram sem flugmaður eftir að hámarksaldri er náð í m.a. einkaflugi, kennsluflugi og ýmis konar þjónustuflugi, þar sem ekki er um að ræða flutninga á farþegum eða vörum gegn endurgjaldi, svo sem fræsáningar- og áburðarflugi, mælinga- og könnunarflugi, leitar- og björgunarflugi, ljósmyndaflugi, auglýsingaflugi, prófflugi og verkflugi, enda fullnægi hann þeim skilyrðum sem um slík flug gilda.

#### 4. gr.

Reglugerðin er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir og staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júlí 1997.

*Samgönguráðuneytinu, 23. júní 1997.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

### um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1997.

#### 1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 1997:

- a) Í júlí 1997 skal greiða 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 1997 skal greiða 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.